



FRÆÐSLUSKOT fyrir kennara

Fræðsla og hagnýt kennslunálgun í íslensku
sem öðru tungumáli

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Maí 2017

Hraunvallaskóli og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Efnisyfirlit

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs.....	2
Markmið verkefnis.....	2
Leiðir að markmiðum	2
Frávik miðað við upphaflega áætlun	3
Helstu hindrarnir við vinnu verkefnisins.....	3
Helsti ávinningur og samlegðaráhrif verkefnis.....	3
Mat á verkefninu	3
Niðurstöður verkefnisins	4
Náðust markmiðin?	4
Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?	4
Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	5

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Hraunvallaskóli

Nafn verkefnisins: *FRÆÐSLUSKOT fyrir kennara – fræðsla og hagnýt kennslunálgun í íslensku sem öðru tungumáli.*

Nafn verkefnisstjóra: Hulda Karen Daníelsdóttir, sérfræðingur í íslensku sem öðru tungumáli hjá Menntamálastofnun, áður verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Ingibjörg Edda Haraldsdóttir og Kristín Guðnadóttir kennarar í Hraunvallaskóla.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: Nr. 70, 2016-2017

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að efla starfsþróun grunnskólakennara og jafnvel kennara sem kenna á öðrum skólastigum með því að framleiða og dreifa til þeirra Fræðsluskotum. Fræðsluskotin eru hnitmiðað fræðsluefni sem eflir þekkingu og færni í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Sérstök áhersla er lögð á kennslu skólaorðaforða (e. *academic vocabulary*) sem nýtist öllum nemendum, en ekki síst þeim sem læra íslensku sem annað tungumál. Lögð er áhersla á að hafa skotin stutt og afmörkuð svo þau nýtist önnur köfnum kennurum í fjölmenningslegu skólaumhverfi.



Leiðir að markmiðum

Fræðsluskotin eru frumsamin, stutt og hnitmiðuð. Þau eru byggð á útgefnu efni, niðurstöðum íslenskra og erlendra rannsókna á tungumálanámi, kennslu, tvítyngi, fjöltyngi, læsi og orðaforða. Stuðst var meðal annars við útgefið efni eftirtalinna aðila:


Dr. Sigríður Ólafsdóttir, Íslandi, dr. Hetty Roessingh, Kanada, dr. Ludo Verhoeven, Hollandi, dr. Catherine Snow, Bandaríkjunum, dr. Arne Lervåg, Noregi, dr. Jim Hutchinson Kelly, Bretlandi, Marilee Sprenger, Bandaríkjunum og Hulda Karen Daníelsdóttir, Íslandi.

Þegar komin var mynd á verkefnið fengu verkefnastjórnarnir nokkra kennara og aðra sérfræðinga til að sitja í rýnihópi sem skoðaði innihald, áherslur og umgjörð skotanna. Endurgjöfin frá rýnihópnum var vönduð og nýttist vel við gerð fleiri Fræðsluskota. Í kjölfarið var hafist handa við að finna bestu leiðir til að koma verkefninu til sem flestra kennara og stjórnenda. Hönnuð var bloggsíðu og áskrifendur hennar fá tilkynningu með tölvupósti þegar nýju Fræðsluskoti er hleypt í loftið. Útbúin var síða á *Facebook* sem ber nafnið Fræðsluskot og

allt efni sem verður til er birt þar og deilt áfram á aðra hópa innan miðilsins. Jafnframt er efninu safnað saman á *Pinterest* auk stoðefnis sem tengist markmiðum skotanna.

Frávik miðað við upphaflega áætlun

Verkefnið var umfangsmeira en gert var ráð fyrir. Hleypa átti fyrsta skotinu af snemma hausti 2016 en því þurfti að fresta fram í janúar 2017. Upphaflega stóð til að gefa út eitt skot á viku en því var breytt og ákveðið að senda þau út á um það bil tíu daga fresti. Ástæðan fyrir þessari breytingu er kostnaður. Vefsíðan er búin til í vefumhverfinu *Wixsite* sem tekur gjald fyrir að senda í tölvupósti fleiri en þrjár tilkynningar á mánuði.



Helstu hindranir við vinnu verkefnisins

Fræðsluskot er knappur texti með upplýsingum sem byggja á rannsóknum í annarsmálsfræðum um hagnýtar náms- og kennsluaðferðir. Myndir fylgja öllum skotum og stundum einnig vefslóðir sem beina lesendum að stuttum kennslumyndböndum sem útskýra betur hinar ýmsu aðferðir. Það reyndist tímafrekara og flóknara en upphaflega var gert ráð fyrir að stytta og breyta umfangsmiklu og oft flóknu efni í hnitmiðaðan texta. Það tafði einnig verkefnið að itarefni á íslensku var af skornum skammti og þurfti þá að búa sérstaklega til efni.

Helsti ávinningur og samlegðaráhrif verkefnis

Verkefnið gerir kennara, sama hvað þeir kenna, meðvitaðri um eðli og mikilvægi þess að kenna skólaorðaforða.

Íslenskukennarar eiga ekki einir að bera ábyrgð á kennslu orðaforða heldur er það sameiginlegt verkefni allra sem koma að námi og kennslu nemenda. Ávinningur nemenda er betri orðaforði sem síðan leiðir til betri lesskilnings en lesskilningur er undirstaða alls náms.

Fræðsluskotin og allt efni sem tengist þeim verða alltaf opin og aðgengileg öllum áhugasömum.

Við vinnu verkefnisins varð til þekking sem nýta má til frekari þróunar á náms- og kennsluefni og í tengslum við skapandi og nýstárlega starfsþróun kennara.

Mat á verkefninu


Vefefnið sem er opið og öllum að kostnaðarlausu mun nýtast kennurum sem vinna í fjölmenningslegu íslensku skólaumhverfi. Fyrstu viðbrögð gefa til kynna að mikil eftirspurn er eftir fræðsluefni af þessu tagi. Það er mat okkar að verkefnið er góð viðbót við það efni sem útgefið hefur verið.

Niðurstöður verkefnisins

Hugmyndafræðin á bak við Fræðsluskotin byggir á fræðilegum grunni. Aðferðirnar sem kynntar eru gagnast þeim sem vilja vinna á markvissan hátt með skólaorðaforða í fjölmenningslegu skólaumhverfi. Kennarar fá aðgang að efnisveitum þar sem sérstök áhersla er á kennslu skólaorðaforða.

Afrakstur verkefnisins er aðgengilegur á eftirfarandi efnisveitum:

- Bloggsíða www.fraedsluskot.wixsite.com/heim
- Facebook <https://www.facebook.com/fraedsluskot/>
- Facebook <https://www.facebook.com/groups/390146974342436/>
- Pinterest <https://www.pinterest.com/frsluskot/>



Á *Pinterest* er einnig að finna aukalega fjölda úrræða sem styðja við hugmyndafræðina á bak við Fræðsluskotin.

Fræðsluskotin eru aðgengileg á vefnum og öllum opin. Nemendum með íslensku sem annað tungumál fjölgar stöðugt hér á landi og gera má ráð fyrir að skotin nýtist íslenskum skólum næstu árin. Vert er að benda á að Fræðsluskotin nýtast einnig nemendum sem eiga íslensku að móðurmáli.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Markmið verkefnisins um eflingu starfsþróunar kennara með áherslu á skólaorðaforða hafa náðst en það sýna viðtökur við fyrstu tólf skotunum. Þegar þetta er skrifað í maí 2017 er fjöldi þeirra sem eru á póstlista vefsíðunnar 424 og fá þeir senda tilkynningu í tölvupósti þegar nýtt Fræðsluskot kemur út. Á Facebook-síðu verkefnisins eru 205 fylgjendur og 193 hafa líkað við síðuna. Vikulega bætast við nýir aðilar sem hafa áhuga á að fylgjast með efninu. Jafnframt birtast skotin á Facebook-síðunni *Kennarar nemenda með íslensku sem annað tungumál* en þar eru meðlimir 1660.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Styrkurinn nær til 45 Fræðsluskota og hafa 12 þeirra verið birt. Formleg ákvörðun um að halda áfram með verkefnið eftir að 45 skotum er náð hefur ekki verið tekin. Jákvæð endurgjöf kennara sem hafa sýnt Fræðsluskotunum mikinn áhuga hefur verið mjög hvetjandi fyrir verkefnastjórana og allar líkur eru á áframhaldandi útgáfu.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Eins og fram hefur komið eru þrjú Fræðsluskot á mánuði send áskrifendum. Verkefnið hefur einnig verið kynnt í fjölmörgum leik- og grunnskólum og á námskeiðum sem verkefnastjórar fræðsluskota hafa staðið fyrir eða kennt. Sem dæmi má nefna námskeið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og á starfsdegi Ísbrúar. Ennfremur er í bígerð að vista Fræðsluskotin á Tungumálatorgi og væntanleg er kynning á verkefninu í fréttabréfi Félags grunnskólakennara, Skólamoli FG.

Hafnarfirði í maí 2017

Hulda Karen Daniëlsdóttir

Ingibjörg Edda Haraldsdóttir

Kristín Guðnadóttir

Hulda Karen Daniëlsdóttir

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift verkefnisstjóra